

AUGLÝSING

um (2.) breytingu á auglýsingu nr. 70/2024, um (1.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024.

1. gr.

Svohljóðandi breytingar eru gerðar á 1. gr. auglýsingarinnar:

- Eftirfarandi titill breytist: „Fjallabyggð (breyting á viðmiðun um úthlutun, vinnsluskylda innan sveitarfélags).“ og verður: Fjallabyggð (breyting á viðmiðun um úthlutun, löndunarskylda innan sveitarfélags, vinnsluskylda).
- Ákvæði d-liðar 1. mgr. 1. gr. vegna Fjallabyggðar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa í sveitarfélaginu þeim afla sem telja á til byggðakvóta sveitarfélagsins til vinnslu á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 26. mars 2024.

F. h. r.
Kolbeinn Árnason.

Jón Þrándur Stefánsson.